

✉ Re: Beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatn og Laxá

Búið til	1.4.2022 15:28:10
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	1.4.2022 15:28:10
Tilheyrir	📁 202203-0056 - Framkvæmdir innan verndarsvæðisins Mývatn og Laxá, vegna göngu- og hjólastígs.

Efni

Re: Beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatn og Laxá

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	1.4.2022 15:28:10	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Sæl,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202203-0056 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 25. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Skútustaðarhreypts um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár vegna gerðar göngu- og hjólastígs frá afleggjara að Dimmuborgum að hótél Gíg.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um fyrri áfanga göngu- og hjólastígs milli Skútustaða og Garðs þann 18. október 2021. Þar komu fram eftirfarandi almennu ábendingar: „Gerð hjóla/göngustígs meðfram Mývatnsvegi er á gildandi deiliskipulagi og er framkvæmd þegar hafin annars staðar innan verndarsvæðisins. Ljóst er að framkvæmdinni fylgir töluvert rask m.a. á votlendi og staðsetning stígsins er víða nálægt búsvæðum fugla. Vanda þarf því mjög til verka“ Þessar ábendingar eiga einnig við um þann áfanga sem hér er til umfjöllunar.

Áætluð lega göngu- og hjólastígarins er alla jafna meðfram Mývatnsvegi en þar sem vegurinn liggur nálægt Mývatni t.d. rétt sunnan við Geiteyjarströnd, við Kálfastrandarvogva og nálægt Garði er áætluð staðsetning göngu- og hjólastígs mjög nálægt Mývatni.

Á nokkrum stöðum vikur stígurinn einnig frá veginum og þá í öllum tilfellum nær Mývatni. Það er einkum í Kálfastrandarvogum sem er svæði sem hefur mjög hátt verndargildi vegna jarðmyndana, sérstæðs landslags og búsvæða fugla. Hér rann Laxárhraunið yngra út í stöðuvatn og hrauntjarnir mynduðust þegar gervígígar stöðvuðu framrás hraunsins. Hið sérkennilega landslag við Höfða og Kálfaströnd er afleiðing þessa. Þar eru margar óvenjulegar hraunmyndanir sem ber að vernda gegn raski. Í vogunum eru einnig búsvæði fugla m.a. varplönd húsanda og möguleg fellisvæði þó húsundur hafi minna notað svæðið síðustu ár en á árum áður voru þar stórir hópar húsanda í felli síðsumars. Mögulegt er að aukin umferð ferðafólks um svæðið hafi leitt til þess að hóparnir færðu sig. Ýmsar aðrar fuglategundir halda sig á vogunum. Hjóla- og göngustígnum mun fylgja meiri umferð og hraðari svo nálægt búsvæðum fuglanna og er það áhyggjuefni að mati Náttúrufræðistofnunar.

Á mynd 3 sem sýnir áætlaða legu stígsins fyrir neðan útsýnisstað við Geitabrekku, er stígurinn mjög nálægt og jafnvel ofan í bakka vatnsins og neðan við útsýnisstaðinn eru Skápar, áhugaverðar hraunmyndanir nálægt bakkanum. Heppilegra hefði verið að koma hjólastígnum fyrir ofar hjá útsýnisstaðnum við Geitabrekku heldur en að leggja hann neðan við Skápana alveg ofan í vatninu.

Við afleggjarann að Kálfaströnd nálægt Birtingatjörn og við Óhappstjörn er lega stígsins alveg í vatnsbakka og jafnvel ofan á að hluta. Greinileg þörf er á fyllingum. Aðstæður eru vissulega erfiðar við að koma stíg þarna fyrir en afar óheppilegt er ef raska þarf bökkum vatnsins. Í tjörnum þessum og í Kálfastrandarvogum er lindavatn og þar er óvenjulegt lífíki, t.d. ísaldarmarflær og sérstök bleikjuafbrigði. Allt rask á þessu svæði er því mjög óheppilegt. Rétt austan við Garð á stígurinn einnig að liggja, líklega á brú, yfir lindasvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur áhyggjur af þessum áformum og telur að þar sem lega hjóla- og göngustígsins liggja alveg upp að bakka Mývatns og nálægri tjarna og jafnvel út í vatnið á köflum, sé viðkvæmri náttúru svæðisins ógnað. Ef ekki kemur til greina að breyta legu stígarins þarf að huga afar vandlega að útfærslu þannig að rask verði sem minnst. Það breytir því þó ekki að truflun vegna umferðar getur verið töluverð fyrir fuglalíf á viðkvæmustu stöðunum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Þórdís Vilhelmína Bragadóttir" <thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatn og Laxá

Date: 25.3.2022 13:31:40

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn frá Skútustaðarhrepp dags. 16. febrúar 2022 um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár vegna gerðar göngu og hjólastígs frá afleggjara að Dimmuborgum að hótél Gíg.

Í samræmi við 17 gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskar Umhverfisstofnun hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn þessa. Gögn málsins er að finna í meðfylgjandi link

<https://wetransfer.com/downloads/4abd74763f9f724790b5780c5e41733620220325132835/c47a622df3d4bb3d6c751d1d6332a3cf20220325132857/015fc2>

(<https://wetransfer.com/downloads/4abd74763f9f724790b5780c5e41733620220325132835/c47a622df3d4bb3d6c751d1d6332a3cf20220325132857/015fc2>)

Á grunnmyndunum er brýr (3 stk) sýnd með grænu X og við Geitabrekku er ráðgert að nýta lausn sem kallast svífandi stígar og fara þannig yfir vatnið. Hér má jafnframt finna þrívíddarlíkan sem sýnir fyrirhugaða legu stígsins í tölvugerðri mynd. Þetta er þó sýnt með fyrirvara og grunnmyndin gildir þar sem misræmi er á milli. <https://sketchfab.com/3d-models/skutustaahreppur-hjolastigur-a322ed26753e4a3399c4ce29cdca4a6c>

(<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fsketchfab.com%2F3d-models%2Fskutustaahreppur-hjolastigur-a322ed26753e4a3399c4ce29cdca4a6c&data=04%7C01%7Cgudjon%40skutustadahreppur.is%7C9bb29833914e48e4b2c708d9f13b70c9%7C41e4574144d14f4ca577c7b52332752e%7C0%7C0%7C637806059868011168%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Iklk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=RV%2By4aGJl4pO%2B%2B50hBe3VITBx1nklf%2FdUanD1pz4mH4%3D&reserved=0>)

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 1. apríl 2022.

Bestu kveðjur, Best regards

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið náttúruverndar, Department for Nature Conservation

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)